

Gengið inn í haustið með FFA – 2022

September - október

Dagsetning	Vikudagur	Tími	Ferð
13. eða 15. september	Þriðjud. eða/ fimmtud.	17.00	Ferð 1
24. eða 25. september	Laugard. eða sunnudagur	8.00	Ferð 2
27. eða 29. september	Þriðjud. eða fimmtudagur	17.00	Ferð 3
8. eða 9. október	Laugard. eða sunnudagur	8.00	Ferð 4
11. eða 13. október	Þriðjud. eða fimmtudagur	17.00	Ferð 5
15. eða 16. október	Laugard. eða sunnudagur	8.00	Ferð 6

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar vegna veðurs, snjóa og/eða annarra aðstæðna.

Reiknað er með að ganga á þriðjudögum og laugardögum. Við vitum hvernig íslenskt veðurfar er og því eru fimmtudagar og sunnudagar hafðir til vara. Í kvöldferðum þarf höfuðljós því líklegt er að tekið verði að skyggja síðari hluta göngunnar.

Erfitt er að setja nákvæmlega niður með löngum fyrirvara hvaða ferð hentar hverju sinni. Ferðirnar verða því ákveðnar eftir aðstæðum og veðurspá, þó verður haft í huga að byrja ekki á erfiðustu ferðunum.

Þær ferðir sem koma til greina:

Kvöldferðir - ferðir 1, 3 og 5:

- Lönguhlíðarfjall í Hörgárdal
- Stórhjúkur
- Súlumýrar
- Hringur á Vaðlaheiði
- Ystuvíkurfjall frá A til B

Dagsferðir - ferðir 2, 4 og 6:

- Útburðarskálahnjúkur, Svínárdal.
- Blámannshattur, Dalsmynni
- Skessuskálafjall, Út-kinn
- Hallok, Öxnadal
- Múlakolla, Ólafsfirði
- Dýfafjallshnúkur kemur til greina ef aðstæður leyfa

Aðrir fjallatoppar í umhverfi okkar koma einnig til greina. Dagskráin er því sett upp með fyrirvara um breytingar hópnum í hag.

Skráningu lýkur 7. september og verkefnið hefst 13. september.

Nánari upplýsingar og skráning er á ffa.is – [síðu verkefnisins](#) auk þess sem Arnar Bragason fararstjóri veitir frekari upplýsingar á netfanginu arnarbraga@hotmail.com.
Formaður FFA veitir einnig upplýsingar á formadur@ffa.is eða í síma 692 6904.